

## **Ræða sem flutt var af Hildi Karenu Sveinbjarnardóttur fyrir hönd Þórunnar Ólafsdóttur þegar hún hlaut Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2016.**

Fátt veldur mér meiri áhyggjum en að búa í heimi þar sem það þykir hetjudáð að hjálpa öðrum. Með því að standa vörð um mannréttindi annarra stöndum við líka vörð um okkar eigin. Mannréttindi eru nefnilega ekki náttúruleg mál eða sjálfsgæður réttur sem fylgt hefur mannkyninu frá örófi alda. Mannréttindi eru pólitísk ákvörðun. Réttindi sem formæður okkar og feður þurftu að berjast fyrir og geta verið tekin af okkur, brotin og hunsuð á margvíslegan hátt - af stjórnvöldum, atvinnurekendum eða samborgurum. Mannréttindi eru ekki annað en blek á blaði ef við verndum þau ekki með orðum okkar og gjörðum. Og þar gegnum við lykilhlutverki, öll sem eitt. Að gera ekkert þegar mannréttindi annarra eru brotin gerir okkur samsek. Það eykur líka hættuna á að á okkur verði brotið. Hver á að koma til bjargar ef okkar veröld hrynur einn daginn? Mannréttindi okkar allra eru í hættu ef við erum ekki á vaktinni. Þau koma okkur við. Það er engin hetjudáð að standa vörð um þau og það er ekki á færi fárra eða sérstakra aðila. Það er hlutverk okkar allra. Sum okkar geta farið út í heim og reynt að verða að liði á hamfarasvæðum. Aðrir eiga ekki heimangengt, en það eru óteljandi leiðir færar til að standa í mannréttindabaráttu. Öll getum við opnað hjörtun og sýnt hverju öðru skilning og kærleika. Látið vita að okkur stendur ekki á sama og látið í okkur heyra þegar níðst er á fólki - með orðum eða gjörðum. Og öll getum við gætt að því hvað við kaupum, hvers við neytum, hvað við segjum og hvernig við kjósum. Ástandið sem skapast hefur hér í Grikklandi er mannanna verk. Röð pólitískra ákvarðanna sem hefur svipt stóran hóp fólks grundvallarmannréttindum. Það er með mikilli auðmýkt og þakklæti sem ég tek við þessum verðlaunum. Þau eru mér mikil

hvatning til að halda áfram að vinna að því markmiði að gera heiminn að  
svólítið bærilegri stað. Stundum kann það að virðast vonlaust í stóra  
samhenginu, en munum þá að við erum agnirnar sem mynda stóra  
samhengið. Við ERUM stóra samhengið. Takk fyrir mig.

Þórunn Ólafsdóttir